

Mál nr. 75/2018**M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og****V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á gatnamótum Nýbýlavegar, Dalveg og Skemmuveg í Kópavogi 17.10.2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.2.2018, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 12.3.2018.

Bréf V2, dags. 19.3.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið vestur Nýbýlaveg eftir hægri beygjuakrein til vinstri suður Dalveg og B var ekið austur Nýbýlaveg eftir hægri akrein. Á gatnamótunum rákust saman hægri hlið A og framendi B. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum og eru sérstök beygjuljós til vinstri af Nýbýlavegi suður Dalveg sem og norður Skemmuveg. Myrkur var, rigning og blautt færi þegar áreksturinn varð. Engin hemlaför voru sýnileg á akbrautinni eftir ökutækin.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið vestur Nýbýlaveg og ætlað að beygja til vinstri suður Dalveg. Hafi hann ekið á 70-80 km hraða á klst. eftir beygjuakreininni. Gult ljós hafi logað á umferðarljósum fyrir hans akstursstefnu þegar hann ók inn á gatnamótin. Áreksturinn hafi orðið þegar hann var kominn inn á gatnamótin. Hann hafi ekki séð til ferða B fyrr en um leið og áreksturinn varð og því ekkert getað gert til að afstýra árekstrinum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið austur Nýbýlaveg á hægri akrein og stöðvað við gatnamótin andspænis rauðu ljósi. Ein bifreið hafi verið fyrir framan B. Hann hafi svo ekið af stað þegar grænt ljós kviknaði fyrir akstursstefnu hans. Allt í einu hafi hann séð A koma á miklum hraða inn á gatnamótin úr gagnstæðri átt. Hann hafi hemlað en það hafi ekki dugað til að koma í veg fyrir áreksturinn.

Vitni sem kvaðst hafa verið ökumaður kyrrstæðrar bifreiðar fyrir aftan B þar sem hún hafi verið á rauðu ljósi við gatnamótin. Þegar grænt ljós kviknaði fyrir akstursstefnu þess hafi það ekið af stað á eftir B. Þegar B hafi verið rétt kominn inn á gatnamótin hafi A komið úr hinni áttinni á miklum hraða og árekstur orðið. Kvað vitnið að það væri „100%“ öruggt að B hafi verið ekið gegn grænu ljósi.

Álit.

Aðila greinir nokkuð á um stöðu umferðarljósanna þegar þeir óku inn á gatnamótin. Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða inni á gatnamótunum og gult ljós hafi logað fyrir akstursstefnu hans þegar hann ók inn á þau. Þegar litið er til þessa og framangreinds framburðar vitnis, sem ekki eru efni til að véfengja, verður að telja næga sönnun komna fram um að ökumaður A hafi ekið inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að áreksturinn megi rekja til bilunar í búnaði umferðarljósanna. Verður því öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður